

Mál nr. 46/2018

**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

Skaðabótaábyrgð vegna tjóns 22. desember 2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 7.2.2018, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 22.2.2018.

Bréf M, ódags. ásamt upplýsingum um bílastæði starfsmanna [...]

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir tjóni 22. desember 2017, þegar hann gekk á stálvír sem notaður var til að festa jólastreytingu við verslunarmiðstöðina [...]. M lýsir afleiðingum þannig að vírin hafi verið í augnhæð hans og afleiðingar þess að hann gekk á vírin hafi verið þær að gleraugu hans rispuðust og brotnuðu og að hann hafi fengið högg á auga.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans þar sem vírin hafi verið strengdur þvert yfir göngustíg, úr jólastreytingu sem var slökkt á þegar M gekk þarna um. M lýsir því einnig að sú leið sem hann gekk hafi verið eðlileg gönguleið frá starfsmannainngangi verslunar þeirrar sem hann starfaði í að sérstökum bílastæðum sem starfsmönnum í verslunum í [...] hafi verið ætlað að leggja bílum sínum í fyrir jólin og vísar til leiðbeininga þar um frá X. Einnig bendir M á að merkingar hafi verið settar á umrædda víra eftir atvikið.

V telur að frágangur víra vegna jólastreytingar hafi verið forsvaranlegur m.v. aðstæður. V telur að ekki sé ljóst af gögnum málsins hvar starfsmannainngangur sá sem M gekk um sé m.v. bílastæði og því sé ekki ljóst að um hafi verið að ræða eðlilega gönguleið hans. Einnig vísar V til þess að öllum hafi átt að vera ljóst af umfangi og lýsingu jólastreytingarinnar að hún væri á þeim stað sem hún var og að það verði að gera þær kröfur til vegfarenda að þeir séu meðvitaðir um umhverfi sitt. V telur því ekki ljóst að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar af hálfu X.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vettvangi og leiðbeiningar til starfsmanna í verslunum X um að þeir ættu að leggja bílum sínum á sérstökum stað fyrir jólin. Ljóst er af myndum að vír var strengdur yfir svæði sem vænta mátti gangandi umferðar, en ekki er að sjá að nokkuð hafi hamlað því að fólk gengi þar um m.v. framlagðar myndir. Verða ekki bornar brigður á lýsingar M á aðstæðum í ljósi þessara gagna. Með hliðsjón af því er það mat nefndarinnar að festingar umræddrar jólastreytingar hafi skapað hættu fyrir gangandi vegfarendur, ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr þeirri hættu eftir tjón M og verði X að bera skaðabótaábyrgð á því tjóni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að rekja megi tjón M til hans eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.